

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 21. janúar 2015 í máli nr. E-1918/2013:

Timothy John Thexton

(Heiðar Ásberg Atlason hrl.)

gegn

Þuríði Kristínu Halldórsdóttur

(Þuríður Kristín Halldórsdóttir hdl.)

I.

Mál þetta var höfðað þann 6. maí 2013 og dómtekið 9. janúar 2015 að loknum munnlegum málflutningi.

Stefnandi er Timothy John Thexton, 32A Collins Road, Exeter, EX4 5DE, Englandi, en stefndi er Þuríður Kristín Halldórsdóttir, Birkigrund 48, Kópavogi.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þessar:

Aðallega að stefnda verði dæmd til að greiða stefnanda 321.624 Bandaríkjadali ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 13. ágúst 2009 til greiðsludags, allt að frádregnum 4.000.000 króna þann 3. september 2012.

Til vara að stefnda verði dæmd til að greiða stefnanda 124.000 Bandaríkjadali ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 13. ágúst 2009 til greiðsludags, allt að frádregnum 4.000.000 króna þann 4. september 2012.

Til þrautavara að stefnda verði dæmd til að greiða stefnanda 60.000 Bandaríkjadali ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 13. ágúst 2009 til greiðsludags, allt að frádregnum 4.000.000 króna þann 4. september 2012. Þá krefst stefnandi málskostnaðar í öllum tilvikum.

Stefnda krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda auk málskostnaðar.

II.

Málsatvik

Samningur með fyrirsögninni *FYRIRSVAR OG LÁNSSAMNINGUR* var undirritaður 21. júlí 2009 milli Miltex Corporation annars vegar og stefndu og Vilborgar Eddu Lárusdóttur hins vegar. Í upphafi samningsins, sem er á ensku en þýðing löggilts skjalapýðanda er meðal málsskjala, kemur fram að hann sé gerður milli Miltex Corporation, Lögfræðistofu Þuríðar Halldórsdóttur héraðsdómslögmanns og áðurnefndrar Vilborgar Eddu. Jafnframt segir að stefnda hafi óskað aðstoðar við að finna aflandslán fyrir hönd viðskiptavinar og Miltex Corporation hafi fundið lánveitanda sem sé reiðubúinn að lána stefndu fé en sá óski um leið nafnleyndar. Hafi aðilarnir ákveðið í framhaldi af þessu að stofna til viðskiptasambands. Síðan segir: *Ætlunin er að lánveitandi greiði höfuðstólinn með milligöngu Miltex til Þuríðar og Vilborgar og þær endurgreiða höfuðstólinn ásamt áföllnum vöxtum og þóknunum til Miltex innan áskilds tíma. Miltex greiðir síðan lánveitanda höfuðstólinn með samþykktum vöxtum en að frádreginni þóknun og miðlaragjaldi. Þá segir í 1. gr. samningsins: Þuríður og Vilborg hafa samþykkt að þær bera óskipta ábyrgð á því að endurgreiðsluupphæðin verði greidd á gjalddaga ... Þær hafa samþykkt að til þeirra skuli vísað hér eftir í þessum samningi sem „lántaka“.*

Í fylgiskjali samningsins er höfuðstólsupphæð tilgreind 60.000 Bandaríkjadala og endurgreiðsluupphæð 124.000 Bandaríkjadalir. Þá var mælt fyrir um endurgreiðsludag sem var þannig orðað: *Fyrir, en í síðasta lagi 21 degi eftir höfuðstólsgreiðsludaginn.* Höfuðstólsgreiðsludagur var 23. júlí 2009. Undir liðnum höfuðstólsgreiðslureikningur kemur fram að 30.000 Bandaríkjadali skuli greiða inn á bankareikning A.R.I. TRADING LLC í Dúbaí. Þá skyldu 30.000 Bandaríkjadalir greiddast inn á tilgreindan bankareikning stefndu, sem að sögn stefndu er fjárvörslureikningur hennar.

Í 2. gr. samningsins segir að Miltex Corporation skuli vera *í fyrirsvari fyrir lántaka í leit að aflandsfé fyrir hönd umbjóðenda hans.* Þá segir í 5. gr.: *vextir og þóknun Miltex og lánveitanda skulu vera innifalin í endurgreiðsluupphæð, sjá fylgiskjal 1. Endurgreiðsla skal fara fram samkvæmt endurgreiðsludegi sem tiltekinn er í fylgiskjali 1.* Í 6. gr. samningsins segir svo að ef lántaki endurgreiðir ekki endurgreiðsluupphæðina á endurgreiðsludegi *munu 10% dráttarvextir á heildarskuldina leggjast daglega við endurgreiðsluupphæðina ásamt uppsöfnuðum dráttarvöxtum.*

Miltex Corporation höfðaði mál á hendur stefndu og Vilborgu Eddu í október 2009 á grundvelli áðurnefnds samnings. Frávísunarkröfu stefndu og Vilborgar Eddu var hafnað með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur 2. nóvember 2010. Málinu var svo með úrskurði héraðsdóms vísað frá dómi af sjálfsdáðum 29. apríl 2011, en Hæstiréttur Íslands felldi þann úrskurð úr gildi með dómi 15. júní 2011 í máli nr. 315/2011. Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 14. september 2011 voru stefnda og Vilborg Edda sýknaðar af kröfu Miltex Corporation á grundvelli aðildarskorts þess síðastnefnda. Málinu var áfrýjað til Hæstaréttar og mun Miltex Corporation hafa fallið frá kröfu sinni á hendur Vilborgu Eddu á meðan málið var þar til meðferðar. Með dómi 20. september 2012 í máli nr. 667/2011 staðfesti Hæstiréttur niðurstöðu héraðsdóms um sýknu stefndu vegna aðildarskorts stefnanda

Miltex Corporation.

Krafa stefnanda á hendur stefndu í máli þessu er reist á áður nefndum fyrirsvars og lánsamningi. Kveðst stefnandi með vísan til yfirlýsingar sem liggur fyrir í gögnum málsins hafa fengið kröfu sína á hendur stefndu framselda frá upphaflegum lánveitanda samningsins, Almari Hilmarssyni, þann 13. mars 2013. Hafi 60.000 Bandaríkjadala verið greiddar út af reikningi upphaflegs lánveitanda þ.e. fyrrgreinds Almars inn á reikning Miltex. Þaðan hafi fjárhæðin verið millifærð í tveimur færslum inn á reikninga fyrrgreindra aðila, þ.e. helmingur inn á reikning stefndu Þuríðar Halldórsdóttur og hinn helmingurinn inn á bankareikning A.R.I. TRADING LLC í Dúbaí. Þá hafi Miltex Corporation lýst því yfir 13. mars 2013 að það afsalaði sér öllum rétti, réttindum, hagsmunum og ábata samkvæmt og í tengslum við samninginn og eigi það enga kröfu samkvæmt samningnum.

III.

1. Helstu málsástæður og lagarök stefnanda

Stefnandi byggir aðild sína á grundvelli áðurgreinds framsals, dags. 13. mars 2013 frá upphaflegum lánveitanda, Almari Hilmarssyni. Stefnandi fari því, eftir framsal kröfunnar frá upphaflegum lánveitanda, með fullt forræði á þeim hagsmunum sem um er deilt í máli þessu.

Um aðild stefndu vísar stefnandi til 1. gr. samnings milli Miltex Corporation, stefndu og Vilborgar Eddu. Stefnanda hafi samkvæmt samningnum samþykkt að til hennar væri vísað sem lántaka í samningnum og hún sé því réttur lántaki og skuldari. Stefnanda hafi samþykkt að bera óskipta ábyrgð á því að endurgreiðsluupphæðin verði greidd á gjalddaga í samræmi við skilmála samningsins. Helmingur lánsfjárhæðarinnar hafi verið greiddur inn á reikning stefndu og helmingur inn á reikning erlends félags samkvæmt fyrir mælum stefndu.

Stefnandi byggir aðalkröfu sína á því að hann eigi fjárkröfu á hendur stefndu samkvæmt umræddum fyrirsvars- og lánsamningi. Samkvæmt 1. gr. samningsins hafi stefnda samþykkt að bera ábyrgð á því að endurgreiðsluupphæð samningsins yrði greidd á gjalddaga auk þess að samþykkja að vísa til sín í samningnum sem lántaka. Endurgreiðsluupphæð samningsins sé 124.000 Bandaríkjadalar, sbr. 2. tölulið fylgiskjals 1 við samninginn, auk umsaminnar dráttarvaxta og þóknana. Samkvæmt 4. tölulið fylgiskjals 1 við samninginn sé endurgreiðsludagur fyrir, en í síðasta lagi 21 degi eftir höfuðstólsgreiðsludaginn. Það sé óumdeilt að höfuðstólsgreiðsludagur hafi verið 23. júlí 2009. Þessu til samræmis hafi umsaminn gjalddagi samningsins í síðasta lagi verið 13. ágúst 2009. Miðast dómkröfur stefnanda við þetta. Þar sem endurgreiðsluupphæðin hafi ekki fengist greidd, að frátalinni innborgun 4.000.000 króna 3. september 2012 frá Vilborgu Eddu, beri stefnda ábyrgð á því að skuldin ásamt dráttarvöxtum til greiðsludags verði greidd stefnanda.

Stefnandi byggir á því að hann þurfi ekki að beina kröfu að A.R.I. TRADING LLC sem hafi fengið greiddan inn á sinn reikning hluta höfuðstólsupphæðarinnar, þ.e. 30.000 Bandaríkjadali. Beint réttarsamband sé við

stefndu, en hún hafi tekið á sig ábyrgð á allri fjárhæðinni sem lántaki væri. Stefnandi byggir á því að stefnda hafi notið góðs af allri umstefndri fjárhæð, enda hafi helmingur fjárhæðarinnar verið lagður inn á reikning hennar og hinn helmingurinn inn á erlent félag sem stefnda hafi tilgreint. Stefndi skori á stefndu að upplýsa hver sé eigandi A.R.I. Trading LLC og leggja fram gögn til sönnunar því. Verði ekki orðið við þeirri áskorun sé á því byggt af hálfu stefnanda að um sé að ræða skúffufyrirtæki undir stjórn stefndu og að fjármunirnir hafi sannanlega runnið til hennar.

Kröfu um samningsbundna dráttarvexti, sem hafi verið uppreiknuð og höfuðstólsfærð í aðalkröfu byggir stefnandi á 6. gr. samningsins og 5. tölulið í fylgiskjali 1. Samkvæmt ákvæðum þessum skuli endurgreiðsluupphæðin bera 10% dráttarvexti daglega verði hún ekki greidd af lántaka á endurgreiðsludegi. Stefnandi byggir á því að honum hafi verið heimilt að semja um slíkan fastan hundradshluta dráttarvaxta með vísan til 2. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 enda falli lán það sem um ræðir í þessu máli ekki undir lög um neytendalán nr. 121/1994, sbr. a-lið 2. gr. laganna. Stefnandi reikni og höfuðstólsfæri samningsbundna 10% dráttarvexti af endurgreiðsluupphæð 124.000 Bandaríkjadala í tíu daga en geri svo kröfu um dráttarvexti samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá umsömdum gjalddaga kröfunnar, 13. ágúst 2009, til greiðsludags. Stefnandi bendir á að upphaflegt lán hafi verið áhættusamt, eins og sagan hafi sýnt. Ekkert hafi verið greitt upp í lánið, utan 4.000.000 króna sem séu fastar í viðjum gjaldeyrishafta á Íslandi. Þau vaxtakjör sem samið hafi verið um í upphafi standi hins vegar og sé aðalkrafa stefnanda byggð á þeim samningi sem lagt hafi verið af stað með í upphafi. Verði ekki fallist á aðalkröfu stefnanda þá krefst stefnandi þess til vara að honum verði endurgreidd endurgreiðsluupphæð samningsins að fjárhæð 124.000 Bandaríkjadalar, sbr. 2. lið fylgiskjals 1 við samninginn, án samningsbundinna dráttarvaxta en ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá umsömdum gjalddaga kröfunnar 13. ágúst 2009 til greiðsludags. Í varakröfu fellur stefnandi því frá kröfu um samningsbundna dráttarvexti en að öðru leyti vísar stefnandi um varakröfu sína til sömu raka og tiltekin hafa verið fyrir aðalkröfu hans.

Verði hvorki fallist á aðalkröfu né varakröfu stefnanda þá krefst stefnanda þess til þrautavara að honum verði endurgreidd höfuðstólsupphæð samningsins, sbr. 1. lið fylgiskjals 1, að fjárhæð 60.000 Bandaríkjadalar, þ.e. sú fjárhæð sem upphaflegur lánveitandi sannanlega reiddi af hendi, án samningsbundinna dráttarvaxta en ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá umsömdum gjalddaga kröfunnar 13. ágúst 2009 til greiðsludags. Í þrautavarakröfu fellur stefnandi frá kröfu um samningsbundna dráttarvexti og mismunar milli höfuðstólsupphæðar samningsins og endurgreiðsluupphæðar en að öðru leyti vísar stefnandi til sömu raka og tiltekin hafa verið fyrir aðalkröfu hans.

Að öðru leyti en að ofan greinir reisir stefnandi kröfur sínar á almennum reglum fjármunaréttarins um ábyrgð á fjárskuldbindingum og meginreglum samningaréttar.

2. Helstu málsástæður og lagarök stefndu

Stefnda byggir á því að skuldarasamband hafi aldrei komist á milli málsaðila. Lánveitandi Almar Hilmarsson sé ekki aðili að viðskiptasamningi milli Miltex Corporation og stefndu. Engu breyti þó að lánveitandi hafi framselt kröfu sína til stefnanda.

Umræddur samningur sé viðskiptasamningur á milli Miltex Corporation og stefndu. Í samningnum séu villur sem lofað hafi verið að leiðrétta og verði að túlka samninginn í því ljósi. Fasteign hafi verið sett til tryggingar endurgreiðslu á kröfu lánveitanda. Þá sé það rangt að lánið hafi verið greitt inn á hlaupareikning stefndu, heldur hafi það verið greitt inn á fjárvörslureikning á nafni og kennitölu stefndu vegna starfsemi stefndu lögum samkvæmt. Samningurinn hafi verið gerður við Lögfræðiskrifstofu Þuríðar Halldórsdóttur hdl., en ekki Híbýli og skip ehf., sem stefnda starfaði hjá á þeim tíma.

Stefnda byggir á því að hún hafi aðeins átt að hafa milligöngu í umræddum viðskiptum. Aldrei hafi staðið til að hún bæri persónulega ábyrgð. Samningurinn hafi borið með sér að vera fyrirsvarssamningur og þar segi að aðilar hafi ákveðið að stofna viðskiptasamband. Ekkert skuldarasambandi hafi stofnast á milli samningsaðila. Í samtölum sínum við stefnanda hafi hún ítrekað bent á að hún bæri ekki persónulega ábyrgð, hún væri ekki lántakandi auk þess að mótmæla 10% okurdráttarvöxtum á dag í 10 daga sem engan veginn gátu staðist íslensk lög. Stefnandi hafi ætlað að leiðrétta samninginn í samræmi við athugasemdir sem stefnda hafi gert við hann og senda samninginn aftur til stefndu, en síðar þann sama dag hafi stefnandi verið kominn í frí og ekki komist í tölvu til að laga samninginn. Hann hafi fallist á í samtölum við stefndu að samningurinn ætti að vera eins og rætt hefði verið, en að hann yrði að fá að standa eins hann hafi verið úr garði gerður, en þau hafi bæði vitað um hvað hefði verið samið. Stefnda mótmælir því að stefnandi eigi kröfu á stefndu þar sem hann hafi ekki verið aðili að umræddum samningi sem byggt sé á í málinu. Kröfuframsal hafi þar engin áhrif. Vísar stefnda í því sambandi til 8. gr. samningsins. Ekki hafi verið leitað samþykkis stefndu fyrir framsalinu.

Þá bendir stefnda á að samkvæmt 7. tölulið samningsins undir fyrirsögninni „RIFTUN“ gildir samningurinn upphaflega í eitt ár frá undirskrift og eftir það, ef honum er ekki rift skriflega, er hann endurnýjaður í samsvarandi tímabil nema honum sé rift með tólf mánaða fyrirvara.

Stefnda byggir kröfur sínar á lögum nr. 7 frá 1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, einkum 36. gr., sbr. og 32. og 33. gr. sömu laga, og að ekki sé um skuldarasamband að ræða milli stefndu og stefnanda.

IV.

Samningur með fyrirsögninni „FYRIRSVAR OG LÁNSSAMNINGUR“ var undirritaður 21. júlí 2009. Í upphafi samningsins kemur fram að hann sé gerður milli Miltex Corporation, Lögfræðistofu Þuríðar Halldórsdóttur héraðsdómslögmanns og áðurnefndrar Vilborgar Eddu. Jafnframt segir að stefnda hafi óskað aðstoðar við að finna aflandslán fyrir hönd viðskiptavinar og Miltex Corporation hafi fundið lánveitanda sem sé reiðubúinn að lána stefndu fé en sá óski

um leið nafnleyndar. Hafi aðilarnir ákveðið í framhaldi af þessu að stofna til viðskiptasambands. Fram kemur að ætlunin sé að lánveitandi greiði Þuríði og Vilborgu höfuðstólinn með milligöngu Miltex og þær endurgreiði svo Miltex höfuðstólinn ásamt áföllnum vöxtum og þóknunum innan áskilins tíma. Miltex greiði síðan lánveitanda höfuðstólinn með samþykktum vöxtum en að frádreginni þóknun og miðlaragjaldi.

Samkvæmt gögnum málsins fékk stefnandi þá fjárkröfu sem deilt er um í máli þessu framselda frá upphaflegum lánveitanda, með kröfuframsali, dags. 13. mars 2013. Telur dómurinn hann því réttan aðila að máli þessu. Telur dómurinn að þau rök stefndu að upphaflegur lánveitandi hafi ekki verið aðili að fyrirvars- og lánsamningi stefndu og stefnanda skipti ekki máli varðandi kröfuframsalið til stefnanda máls þessa.

Í 1. gr. fyrirvars- og lánsamningsins á milli Miltex Corporation og stefndu, sem mælir fyrir um samband lántaka, kemur fram að stefnda hafi samþykkt að bera óskipta ábyrgð á því að endurgreiðsluupphæð samkvæmt samningnum verði greidd á gjalddaga, auk þess sem hún hafi samþykkt að til hennar yrði vísað sem „lántaka í samningnum“. Er samningurinn, sem dagsettur er 20. júlí 2009, undirritaður af stefndu persónulega og fyrir hönd lántaka, eins og það er orðað. Með vísan til þess telur dómurinn stefndu einnig réttan aðila að máli þessu.

Víkur þá að aðalkröfu stefnanda. Stefnandi telur sig eiga fjárkröfu á hendur stefndu samkvæmt umræddum fyrirvars- og lánsamningi. Stefnda byggir á því að ekkert skuldarasamband hafi stofnast á milli hennar og samningsaðila samkvæmt samningnum, hún beri því ekki persónulega ábyrgð á endurgreiðslu lánsins til stefnanda. Hefur stefnda lagt á það áherslu að aðeins hafi verið um viðskiptasamning að ræða og aldrei hafi staðið til að hún bæri persónulega ábyrgð á endurgreiðslu þess. Hafi þessi skilningur stefndu komið fram í samtölum hennar við stefnanda málsins. Vegna þess hversu mikilvægt það hafi verið fyrir umbjóðendur hennar að fá lánið greitt út hafi ekki gefist tími til að ganga frá samningi á milli aðila í samræmi við það sem rætt hefði verið munnlega á milli þeirra.

Samkvæmt greindum fyrirvars- og lánsamningi var höfuðstólsupphæð lánsins 60.000 Bandaríkjadalar. Var lánið greitt út þann 23. júlí 2009 og var helmingur þess, 30.000 Bandaríkjadalar, lagður inn á tilgreindan fjárvörslureikning stefndu og hinn helmingur þess, 30.000 Bandaríkjadalar, var lagður inn á bankareikning A.R.I. TRADING LLC í Dúbaí samkvæmt ákvæðum fylgiskjals 1 með samningnum. Samkvæmt fylgiskjalinu skyldi endurgreiðslufjárhæðin nema 124.000 Bandaríkjadöllum og endurgreiðsludagur þess „Fyrir, en í síðasta lagi 21 degi eftir höfuðstólsgreiðsludaginn“ eða þann 13. ágúst 2009. Þá var í samningnum kveðið á um að „Ef lántaki endurgreiðir ekki endurgreiðslufjárhæðina á endurgreiðsludegi ... munu 10% dráttarvextir á heildarskuldina leggjast daglega við endurgreiðsluupphæðina ásamt uppsöfnuðum dráttarvöxtum“.

Eins og áður segir mælir 1. gr. samningsins fyrir um að stefnda hafi samþykkt að bera óskipta ábyrgð á því að endurgreiðsluupphæðin yrði greidd á gjalddaga. Er samningurinn undirritaður af stefndu og hefur stefnda ekki mótmælt því að lánsfjárhæðin hafi verið greidd samkvæmt fyrimælum samningsins.

Stefnda hefur byggt á því að hún hafi aðeins verið í fyrirvari fyrir þriðju aðila sem væru hinir eiginlegu lántakendur. Þessi málsástæða er haldlaus í ljósi þess að hún tók að sér að greiða skuldina, sbr. 1. gr. fyrirvars- og lánessamningsins á milli stefnanda og stefndu sem undirritaður er af stefndu. Telur dómurinn ljóst að stefnda hafi tekið á sig ábyrgð á því að endurgreiðslufjárhæð lánsins yrði greidd á gjalddaga og hefur hún ekki sýnt fram á að þeim skuldbindingum hafi verið breytt með munnlegu samkomulagi.

Stefnda mótmælir sérstaklega vaxtaútreikningi lánsins, samkvæmt aðalkröfu stefnanda, en samningurinn hafi mælt fyrir um 10% vexti á dag í 10 daga. Vísar stefnda m.a. til 36. gr. samningalaga í því sambandi. Stefnda er héraðsdómslögmaður og þekki því vel til samningsgerðar og reglna um skuldbindingargildi samninga. Á hinn bóginn verður að telja vexti þessa óhóflega jafnvel þótt áhætta lánveitanda sé tekin með í reikninginn og í ljósi þess að fasteign var lögð til tryggingar endurgreiðsluupphæðinni. Hefur stefnandi ekki sýnt fram á að umrædd vaxtafærsla sé í samræmi við góðar viðskiptavenjur hér á landi, auk þess sem aðalkrafa er í meira lagi óskýr. Þannig liggur ekki fyrir útreikningur á aðalkröfu stefnanda og lýsing á því hvernig krafan er að öðru leyti samsett. Var ekki úr þessu bætt við aðalmeðferð málsins. Ber því að taka varakröfu stefnanda til greina eins og nánar greinir í dómsorði.

Eftir niðurstöðum málsins og með vísan til 3. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála, verður stefndu gert að greiða stefnanda 400.000 krónur í málskostnað.

Ragnheiður Snorradóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

DÓMSORÐ:

Stefnda, Þuríður Halldórsdóttir, er dæmd til að greiða stefnanda, Timothy John Thexton, 124.000 Bandaríkjadali ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 13. ágúst 2009 til greiðsludags, allt að frádregnum 4.000.000 króna þann 4. september 2012.

Stefnda greiði stefnanda 400.000 krónur í málskostnað.

Ragnheiður Snorradóttir (sign.)